



Lúxemborg, 30. maí 2018

## FRÉTTATILKYNNING 04/2018

### Dómur í máli E-6/17 *Fjarskipti hf. gegn Símanum hf.*

#### EINKARÉTTARLEG FULLNUSTA Á 54. GR. EES – MISNOTKUN Í FORMI VERÐPRÝSTINGS Á FJARSKIPTAMARKAÐI

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar frá Héraðsdómi Reykjavíkur varðandi skýringu á 54. gr. EES-samningsins.

Fjarskipti hf. („Fjarskipti“) og Síminn hf. („Síminn“) veita alhliða fjarskiptaþjónustu á Íslandi. Árið 2012 komst Samkeppnisefirlitið að þeirri niðurstöðu að Síminn hefði brotið gegn, meðal annars, 54. gr. EES-samningsins með því að hafa beitt keppinauta sína, þar á meðal Fjarskipti, ólögmatum verðþrýstingi með verðlagningu á lúkningargjaldi. Lúkningargjald er verð sem greitt er fyrir lúkningu símtals sem hefst í einu farsímaneti og endar í öðru. Ákvörðunin var staðfest á áfrýjunarstigi og varð endanleg árið 2013.

Fjarskipti töldu sig hafa greitt of há lúkningargjöld og kröfðust skaðabóta á grundvelli hinnar endanlegu ákvörðunar gegn Símanum. Síminn hafnaði kröfunni og Fjarskipti höfðuðu í kjölfarið mál vegna þessa fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Málshöfðunin var reist á þeirri málsástæðu að öllum sem verða fyrir tjóni sem rekja má til brots á 54. gr. EES-samningsins skuli tryggðar bætur fyrir tjón sitt, og að Fjarskipti gætu byggt á ákvörðuninni gegn Símanum til að krefjast skaðabóta. Síminn hafði uppi gagnsök á hendur Fjarskiptum reista á því að Síminn hefði greitt Fjarskiptum of há lúkningargjöld, sem næmu enn hærri fjárhæð en krafa Fjarskipta á hendur Símanum hljóðaði upp á. Hélt Síminn því fram að hin endanlega ákvörðun gegn sér hefði engin bindandi áhrif við mat á skaðabótakröfu og að háttsemi félagsins hefði ekki falið í sér ólöglegan verðþrýsting í skilningi 54. gr. EES, meðal annars vegna þess að Fjarskipti höfðu krafist enn hærri lúkningargjalda en Síminn gerði.

Dómstóllinn taldi að einstaklingur eða lögaðili verði að geta byggt á 54. gr. EES-samningsins, eins og hún hljóðar eftir að hafa sjálfkrafa eða fyrir tilstilli innleiðingar orðið hluti landsréttar, til að krefjast skaðabóta fyrir innlendum dómstól vegna brots á bannákvæði greinarinnar. Í slíkum skaðabótamálum er ekki skilyrði þess að dómstóll geti lagt mat á kröfu að innlend samkeppnisyfirvöld hafi áður komist að endanlegri niðurstöðu um brot. Þegar endanleg niðurstaða innlendra samkeppnisyfirvalda liggur fyrir áskilur EES-réttur ekki að niðurstaðan bindi innlenda dómstóla í máli sem höfðað er í kjölfar ákvörðunarinnar. Þegar engar EES-reglur gilda um málsmeðferð og úrræði vegna samkeppnislagabrota heyrir það undir réttarfarslegt sjálfsforræði hvers EES-ríkis að útfæra reglur um hversu mikið vægi beri að ljá endanlegri niðurstöðu samkeppnisyfirvalda, að teknu tilliti til meginreglnanna um jafngildi og skilvirkni.

Dómstóllinn taldi einnig að sú staðreynd að markaðsráðandi fyrirtæki yrði að kaupa lúkningsþjónustu frá öðrum rekstraraðilum á herra verði en sínu eigin verði útilokaði ekki þá niðurstöðu að verðlagning markaðsráðandi fyrirtækisins í formi verðþrýstings fæli í sér

misnotkun á markaðsráðandi stöðu í skilningi 54. gr. EES-samningsins. Enn fremur væri það nægilegt, til að unnt væri að komast að þeirri niðurstöðu að ólögætur verðþrýstingur hefði átt sér stað, að fyrirtækið sem um ræddi hefði markaðsráðandi stöðu á viðkomandi heildsölumarkaði. Ekki væri áskilið að fyrirtækið hefði einnig markaðsráðandi stöðu á viðkomandi smásölumarkaði.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: [www.eftacourt.int](http://www.eftacourt.int).

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.